

BRIDGEÞÁTTUR

VÍSIS

Hér eru enn nokkur spil frá landsmótiinu. Eftirfarandi spil kom fyrir þegar Húsavík spilaði við sveit Karls Friðrikssonar, Akureyri.

Staðan var a-v á hættu og suður gaf.

♠ G-10-9-x-x
♥ G-10-x-x
♦ ekkert
♣ K-D-7-2

♠ A-D-8-x
♥ D-7-x
♦ 10-7-6
♣ G-9-6

N.
V.
S.

♠ x
♥ x
♦ A-D-x-x-x-x
♣ A-10-x-x-x

♠ K-x-x
♥ A-K-x-x-x
♦ K-G-x-x
♣ 8

Í opna herberginu sátu norður og suður, Óli Kristinsson og Jónas en austur og vestur, Alfreð Pálsson og Þórður Björnsson. Þar gengu sagnir eftirfarandi: S:1H V:P N:2H A:3T S:D Allir pass. Útsplið var hjartakóngur og skift yfir í lauf. Alfreð drap drottningu norðurs með ás og spilaði tigulás og meiri tigli. Jónas drap með gosa, tók tigulkóng og spilaði spaða. Alfreð drap á ás, spilaði meiri spaða og trompaði. Síðan tók hann trompið af Jónasi og spilaði laufi, sem Óli drap með kóng og spilaði spaða. Alfreð hleypti og Jónas drap og spilið var einnið. Í lokaða herberginu sátu norður og suður, Björn og Jónas Stefánsson en austur og vestur

Jónas G. og Jóhann Herm. Þar varð lokaðsögnin sú sama, útsplið það sama en þar vannst spilið, og þó svinaði sagnhafi ekki spaða sem er eini vinnings-sjansinn. Hann drap laufadrottningu með ás og tók tigulás og spilaði meiri tigli. Suður drap með gosa og tók ekki tigulkónginn, heldur spilaði spaða. Sagnhafi drap á ás og spilaði meiri tigli, sem suður drap og nú er sama hvað hann gerir spilið er unnið. Það var dýrt tempótap að taka ekki tigulkónginn, Jónas.

Í leik milli Siglufjarðar og Ásbjarnar Jónssonar framkvæmdi Jón Arason þessa fallegu kastþröng.

♠ A-10-x
♥ A-K-x-x-x
♦ A-x
♣ K-x-x

♠ x-x-x
♥ 10-x-x-x
♦ G-x-x-x-x
♣ ekkert

N.
V.
S.

♠ D-G-9-8-x
♥ ekkert
♦ K-10
♣ D-G-9-8-x-x

♠ K-x
♥ D-G-x-x
♦ D-x-x
♣ A-10-x-x

Jón sat norður og Ásbjörn suður en Sigurður Kristjánsson og Eggert Bergsson austur og vestur. Spilið voru 6 hjörtu og útsplið var laufhrak, sem var trompað og spilað tigli til baka. Jón drap á ásin, tók tvo hæstu í spaða og trompaði einn og tók síðan trompinn í botn og þá fór austri að liða illa og ekki að ástæðulausu eins og þið getið hæglega séð.

Ég ætla að láta þetta gott heita um landsmótið að sinni.

Þættinum hefir borist Bridgebók Zóphoníasar Péturssonar. Að minnu álti mun bók þessi marka tímamót í bridgeþróttinni hérlandis, ef menn kaupa bókina og lesa hana, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að gert verður. Bók þessi fjallar um flest vandamál, sem steðja að bridge-spilaranum og er þeim gerð mjög góð skil, þegar tekið er tillit til þess að bókin er þó ekki nema tæpar 350 síður. Eftir að hafa lesið bókina vil ég ráðleggja öllum bridgemönnum að kaupa hana og stínga henni ekki ólesinni í bókahyllu sína, og ekki sízt þeim sjálfmenntuðu bridgemönnum, sem aldrei hafa

lesið staf um bridge og telja sig þó færa í flestan sjó.

Bygging sundlaugar aðkallandi

Foreldrar í Melaskólahverfi leggja mikið Kapp á að hin fyrirhugaða sundlaug Vesturbæjar verði byggð sem allra fyrst.

Á foreldrafundi, sem haldinn var í Melaskólanum 8. apríl s.l. var einróma samþykkt áskorun til bæjaryfirvalda að hefjast nú þegar handa um byggingu sundlaugarinnar, þar eð vitað er að fé er til reiðu fyrir sundlaugarbyggingunni.

Sundlaugin hefir þegar verið valinn staður skamt frá Melaskólanum.

Að því er Visir hefur fregnað stendur aðeins á fjárfestingarleyfi til að þessu nauðsynjamáli Vesturbæinga verði hrundið í framkvæmd.

Sauma- og matarnámskeið fastir liðir í starfseminni.

Aðalfundur Húsmæðrafélags Reykjavíkur.

Húsmæðrafélag Reykjavíkur hélt aðalfund sinn að Borgartúni 7 þann 10. fyrra mánaðar.

Öll stjórnin var endurkosin en hana skipa: Jónína Guðmundsdóttir, form., Ingi Andreassen, varaform., Soffía Ólafsdóttir, ritari, Margrét Jónsdóttir, gjaldkeri, Guðrún Ólafsdóttir, Þórdís Andrésdóttir, Þórunna Símonardóttir. — Varastjórn: Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Eyllisdóttir. — Endurskoðendur: Eygló Gísladóttir og Jenny Sandholt.

Síðan í des. 1949, að félagið hefir haft bækistöð sína í Borgartúni 7, hafa sauma- og matarnámskeið verið fastur liður í starfsemi þess og hlotið miklar vinsældir. Átta saumanámskeið hafa verið haldin í vetur og eitt matarnámskeið. Þá hafði félagið sýningarkennslu um jóla-leytið og sóttu hana um 300 konur.

Á fundinum var gerð að heiðursfélaga frú Sesselja Þorsteinsdóttir, ekkja Einarssonar. Nikulásarsonar rakara, elzta kona félagsins, f. 10. nóv. 1865, fyrir frábæra tryggingu við félagið allt frá byrjun þess.

Nokkur mál voru tekin fyrir á fundinum og var fyrst rædd hin sívaxandi dýrtíð. Eftir töluverðar umræður var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma: Aðalfundur Húsmæðrafélags Reykjavíkur 10. apríl 1957 mótmælir harðlega mikilli hækkun á nauðsynjavörum heimilanna og átelur ennfremur þá miklu hækkun sem nú þegar er orðin á hverskonar búshöldum, rafmagnsheimilistækjum er heimilin ekki geta án verið og kemur sér því mjög illa fyrir þau, ekki sízt þau fátækari, og þau sem eru að stofna búskap, en mjög erfitt er um alla vinnuhjálþ heimilanna eins og öllum er kunnugt.

Er rædd var læknagæzla Slysavarðstofunnar, var þessi

tillaga samþykkt samhljóða:

Aðalfundur Húsmæðrafélags Reykjavíkur 10. apríl 1957 fagnar þeim glæsilega áfanga er náðst hefur til tryggingarheilsuvernd bæjarbúa með byggingu Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Jafnframt beinir fundurinn þeim eindregnu til-mælum til bæjarstjórnar og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, að hlutast til um það að læknagæzlan í Slysavarðstofunni frá kl. 6 að kvöldi til kl. 8 að morgni verði aukin vegna stækkunar borgarinnar þannig, að þar verði jafnan 3 læknar í stað tveggja eins og nú er, svo að framvegis verði ávallt einn gæzlulæknir í Slysavarðstofunni og 2 læknar í ferðum út um bæinn.

Töluverðar umræður urðu einnig um skattamál hjóna, og fer hér á eftir tillaga um það mál, sem samþykkt var í einu hljóði.

Aðalfundur Húsmæðrafélags Reykjavíkur, haldinn 10. apríl 1957 í Borgartúni 7, þakkar fram komið frumvarp á Alþingi, er frú Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal, Jóhann Hafstein og Pétur Pétursson flytja um sérsköttun hjóna, og lýsir eindregnum stuðningi við frumvarpið.

15% farþegaaukning hjá BEA.

Brezka flugfélagið BEA býst við, að farþegaflutningur (British European Airways) á vegum félagsins aukist um 15% af hundrði.

Í fyrsta skipti um mörg ár verður flogið til Austur-Evrópulanda. Þegar hefur verið ákveðið að hafa áætlanarferðir til Belgrad, og unnið að því að stofna til áætlunarflugferða til Varsjár.

Nýr listsýningar-salur opnaður.

Á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis í Alþýðuhúsinu, þar sem áður var rittangaverzlun, hefir ung kona Sigríður Kristín Davíðsdóttir opnað sýningarsal fyrir listmuni og málverk.


Fyrirtækið nefnist Sýningar-salurinn og hefir því hlutverki að gegna að sýna, kynna og selja listaverkin, sem þar eru. Með starfrækslu þessa fyrirtækis í huga, fór Sigríður til ýmissa Evrópulanda til að kynna sér rekstrarfyrirkomulag „galleria“ og verður Sýningar-salurinn rekinn með svipuðu sniði.

Það má segja að Sýningar-salurinn fari glæsilega af stað með samsýningu í myndlistar og listiðnaðardeild, og eiga þar margir af ágætustu listamönnum myndir og muni.

Í myndlistardeild eru málverk eftir Ásmund, Sigurjón, Ásgrím, Kristínu Jónsdóttur, Þorvald og Valtý Pétursson. Listiðnaðardeildin býður upp á enn meiri fjölbreytni því þar eru verk fleiri listamanna. Má þar nefna Ásgerði Esther Búadóttur, Barboru Árnason, Jóhannes Jóhannesson, Sigrúnu Jónsdóttur, Sigrúnu Guðlaugsdóttur, Sigríði Björnsdóttur, Dítiro, svissneskan mann, Val Fannar, Ragnar Kjartansson, sem sýnir hina nýju Funakeramik, en hefur jafnframt sýrýningu í Regnboganum, Halldór Hjálmarsson arkitekt, sem sýnir „undrastólinn og Jón og Guðmundur Benediktssynir sýna húsgögn.

Sýningar-salurinn verður opin til 10 á hverju kvöldi alla daga vikunnar nema mánudaga. Aðgangur er ókeypis.

★ Ungverski hlaupagarpurinn Sandor Iharos og Ilona Laczó, methafi ungverskra kvenna í spjótasti, voru gefin saman nýlega í Brüssel. Þau settust þar að sem flóttamenn eftir byltinguna sl. október.



Idigo G — var aðeins 15 ára gömul þegar hún gekk í sveitir uppreistarmanna í Búdapest. Hún reyndist Rússum hættuleg, því einsömum sprengdi hún í loft upp 7 stóra rússneska skriðdreka með því að henda undir þá Molotov „kokkteilinn“ kommúnistar myrtu föður sinn 1945, sagði hún og nú er ég að hefna hans.

ÞEGAR hún frétti að leynilög reglan hafði tekið bróður hennar fastan og var að leita að henni, ákvað hún að flýja land. Hún gekk frá Búdapest til Onond í Austurríki á fimmm dögum og allan þann tíma neytti hún aðeins einnar máltíðar af brauði og kartöflum.

Janos litli Dombi, aðeins 14 ára gamall, barðist eins og hetja. Hann komst yfir skammbýssu og var þar sem bardaginn var harðastur á öðrum degi gagnarársar Rússanna. Árið 1951 tóku kommúnistar föður hans til fanga. Hann dó skömmu síðar af misþyrmingum í fangelsinu. Frá þeim degi hataði Janos litli kommúnista.